



Þórshöfn 16.janúar 2025

Til: Vegagerðarinnar

Efni: Veggirðingar í Langanesbyggð.

Við undirrituð í Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar ásamt Fjallskilastjóra Langanesbyggðar viljum vekja athygli Vegagerðarinnar á óviðunandi ástandi veggirðinga innan Langanesbyggðar.

Allt síðasta sumar var fé innan veggirðinga og í haust komu til réttar 55 kindur sem smalað var innan veggirðinga allt frá Ormarsá og að Svalbarðsá. Þar af komu alls 16 kindur af Rauðanesi og Viðarfjalli en það svæði á að vera með öllu fjárlaust. Kindurnar sem smalað var á því svæði voru hvorki frá Kollavík né Sævarlandi, sem eru bæirnir sitt hvoru megin við umrætt land, og því alveg ljóst að þær hafa komið í gegnum veggirðingar en ekki heimalanda girðingar.

Hvar sem smalar komu að veggirðingunum í haust, og eins við athuganir í sumar, voru þær í ágætu lagi en straumlitlar eða alveg straumlausar. Vandamálið er því ekki viðhaldið sem slíkt heldur það að ekki virðist takast að koma straumi á þær eða halda honum á. Rafmagnsgirðingar eru í eðli sínu gagnslitlar ef þær eru straumlausar, hversu vel sem þær standa. Rafmagnsvírin er sléttur og oft er fremur langt á milli staura og því auðvelt fyrir kindur að renna sér í gegnum þær eins og smalar urðu ítrekað vitni að í haust.

Við undirrituð skorum á vegagerðina að koma þessum málum í lag, annað hvort með því að semja við girðingaverktaka um að sjá um að halda straumi á girðingunum eða verða sér úti um meiri kunnáttu og betri tæki til þess. Með þessu erum við ekki að gefa í skyn að fulltrúar Vegagerðarinnar sinni ekki starfi sínu heldur aðeins að benda á þá staðreynd að manneskjan sem lagar og viðheldur girðingunum þekkir best til bæði mannvirkisins og landsins. Viðkomandi veit þá t.d. um veika hlekkir svo sem staði sem eru líklegir til útleiðslu og eins hvar hægt er að ná góðu jarðsambandi til að halda jarðleiðni á girðingunni alla leið.

Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar og fjallskilastjóri